



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Sjúklingar hættulegir sjálfum sér eða öðrum

- Klínískar leiðbeiningar um viðbrögð á LSH -

Almennt um sjálfsvígshættu

- Einstakling sem ræðir um sjálfsvíg skal taka alvarlega.
- Að spyrja um sjálfsvígshugsanir eykur ekki hættu á sjálfsvígi.
- Æskilegt er að hafa samband við foreldra, maka eða aðra aðstandendur einstaklings þegar mat er lagt á sjálfsvígshættu.
- Taka skal mið af menningarlegum og félagslegum bakgrunni einstaklings þegar sjálfsvígshætta er metin.
- Hætta á sjálfsvígi er tengd þunglyndi, misnotkun áfengis og/eða lyfja, karlkyni, fyrri sjálfsvígstilraunum, missi ástvinar, nýlegum sambandsslitum, líkamlegum veikindum og félagslegri einangrun.
- Sé það mat vakthafandi læknis að bráð sjálfsvígshætta sé til staðar hjá einstaklingi sem er undir áhrifum áfengis eða lyfja skal vista hann undir eftirliti þannig að tryggt sé að hann valdi hvorki sjálfum sér né öðrum skaða. Endurmeta skal sjálfsvígshættu þegar áfengis- og lyfjaáhrif eru ekki lengur til staðar.
- Ef einstaklingur sem er í sjálfsvígshættu eða hefur gert tilraun til sjálfsvígs er forsjáraðili barns þarf að tilkynna málið til barnaverndaryfirvalda.

Mat á sjálfsvígshættu

- Ef grunur er um sjálfsvígshættu skal spyrja:
 - Hefur þér einhvern tíma liðið svo illa að þig hafi langað til að deyja?
 - Hefur þú haft hugsanir um að skaða sjálfa(n) þig?
 - Hugsar þú nú um að þig langi til að svipta þig lífi?
 - Hefur þú hugsað um hvernig þú myndir fremja sjálfsvíg?
 - Hefur þú reynt að skaða þig?
- Ef svo er, hversu oft og hvenær síðast?
- Ef sjálfsvíg hefur verið reynt
 - Var notuð aðferð sem var líkleg til að valda dauða?
 - Var skrifað kveðjubréf?
 - Leitaði viðkomandi aðstoðar eftir sjálfsvígstilraunina?
- Spurningar til sjúklings
 - Langaði þig til þess að deyja?
 - Finnur þú fyrir létti eða vonbrigðum yfir því að vera enn á lífi?
 - Varst þú undir áhrifum áfengis eða lyfja þegar sjálfsvígstilraunin var gerð?
 - Hvað varð þess valdandi að þér leið nægilega illa til að vilja svipta þig lífi?
 - Hefur eitthvað komið uppá í lífi þínu nýlega, er eitthvað sérstakt sem hefur hvílt á þér?
 - Er eitthvað sem þér finnst geta breytt ástandinu og þinni líðan?

Hættulegir sjúklingar

- Munnlegar hótanir eða líkamlegar ógnanir skal ávallt taka alvarlega.
 - Bregðast skal við ef sjúklingur er æstur, með kreppta hnefa eða hótar með öðrum hætti.
 - Bregðast skal skjótt við (t.d. með því að kalla á lögreglu) ef sjúklingur beitir líkamlegu ofbeldi, þ.e. snertir starfsmann í þeim tilgangi að meiða hann.
- Ef talið er mögulegt að sjúklingur sé hættulegur skal.
 - Kalla til fleiri starfsmenn (öryggisverði/lögreglu/aðra).
 - Ekki kynna sig með nafni.
 - Ekki skoða sjúkling einn.
 - Staðsetja sig nærri dyrum skoðunarherbergis og helst hafa þær opnar.
 - Biðja sjúkling að hafa hendur sjáanlegar.
 - Athuga hvort sjúklingur hefur vopn í fórum sínum.
- Líkamlega veika eða slasaða sjúklinga sem metnir eru hættulegir sjálfum sér eða öðrum.
 - Skal að jafnaði leggja inn á þá deild, sem er hæfust til að sinna þeirra líkamlega vandamáli.
 - Má leggja beint inn á geðdeild séu veikindi eða áverkar metin minni háttar. Skal þá lækni viðkomandi deildar vera skráður ábyrgur fyrir úrlausn líkamlegra vandamála þessara sjúklinga.
 - Ber að vista undir eftirliti eins og tilgreint er í töflu hér að neðan.

Nauðungarvistun

- Samkvæmt Lögræðislögum nr. 71 frá 1997, 19. gr. og viðauka í lögum nr. 84 frá 2015, 6. gr. getur lækni ákveðið að færa mann á sjúkrahús og nauðungarvista í allt að 72 klukkustundir ef verulegar líkur eru taldar á því að viðkomandi sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða sé í ástandi sem jafngildi því. Hafa skal samband við geðdeild ef sjúklingur hefur lýst sjálfsvígisætlan eða viljandi skaðað sig. Eðlilegt er að beita nauðungarvistun ef sjúklingur vill fara áður en fullnægjandi mat hefur verið framkvæmt.
- Ef nauðungarvistun er beitt skal sjúklingi og aðstandendum tilkynnt það án tafar. Ástæða og nákvæm tímasetning nauðungarvistunar skal skráð á sérstakt eyðublað í heilsugátt (Form – Form nýtt – Önnur skráningarblöð – Nauðungarvistun) og fær sjúklingur afhent afrit þess. Ákvörðun þessa skal bera undir vakthafandi geðlækni svo fljótt sem verða má.

Sjálfsvígshætta og ógnandi hegðun

Lýsing á sjúklingi	Mat á ástandi	Samband við geðdeild	Nauðsynleg meðferð
<p>Verulega æstur sjúklingur/mikið eirðarleysi</p> <p>Líkamlegar eða munnlegar hótanir</p> <p>Sjúklingur ruglaður eða ófær um að fylgja fyrirmælum</p> <p>Sjálfsvígstilraun og ekki hægt að meta sjúkling vegna áhrifa áfengis/lyfja</p> <p>Aðferð sjálfsvígstilraunar líkleg til þess að valda dauða</p> <p>Vonbrigði að tilraun skyldi ekki takast</p>	<p>Augljós eða líkleg lífshætta fyrir sjúkling eða aðra</p>	<p>Strax</p>	<p>Eftirlit</p> <p>Stöðug 1:1 yfirseta</p> <p>Tryggja að sjúklingur sé vistaður þar sem næg öryggisgæsla er fyrir hendi</p> <p>Sjúkling skal ekki vista í herbergi með öðrum sjúklingum</p> <p>Ef áverkar eða alvarleg veikindi eru talin útilokuð kemur til greina að kalla til lögreglu og óska eftir því að hún fjarlægji viðkomandi.</p>
<p>Virkar sjálfsvígshugsanir til staðar</p> <p>Hefur gert áætlun um framkvæmd sjálfsvígs</p> <p>Hefur áhyggjur af því að hann muni framkvæma sjálfsvíg</p> <p>Iðrun eftir sjálfsvígstilraun</p> <p>Sjúklingur feginn að sjálfsvígstilraun tókst ekki</p> <p>Ekki hótanir um frekari skaða</p> <p>Ekki undir áhrifum áfengis/lyfja</p> <p>Æstur eða órólegur sjúklingur</p> <p>Geðrofseinkenni</p> <p>Rauntengdur</p>	<p>Hugsanleg sjálfsvígshætta eða hætta búin öðrum</p> <p>Þörf á nánara mati og stuðningi</p>	<p>Áður en sjúklingur yfirgefur bráðamóttöku</p>	<p>Náið eftirlit á bráðamóttöku þar til sjúklingur hefur verið metinn af lækni geðdeildar</p> <p>Frekara mat gert af lækni geðdeildar, á geðdeild eða þeirri deild sem sjúklingur leggst inn á</p>
<p>Þunglyndi og lífsleiði</p> <p>Veltir fyrir sér sjálfsvígi</p> <p>Hefur ekki gert áætlun um framkvæmd sjálfsvígs</p> <p>Leitar eftir aðstoð</p> <p>Sjálfskaðandi hegðun, ekki bein sjálfsvígstilraun</p> <p>Rauntengdur</p> <p>Ekki undir áhrifum áfengis/lyfja</p>	<p>Lítill sjálfsvígshætta</p>	<p>Eftir þörfum</p>	<p>Eftirlit á deild</p> <p>Hugsanlega heimferð og frekara mat hjá geðlækni eða heimilislækni síðar</p>

Höfundar

Magnús Haraldson, læknir, ábyrgðarmaður

Hjalti Már Björnsson, læknir

Útgefið í janúar 2014

Endurskoðað í júlí 2017.